

AUGLÝSING
um samning um samstarf um leit og björgun
á hafi og í lofti á norðurslóðum.

Samningur um samstarf um leit og björgun á sjó og í lofti á norðurslóðum milli ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Kanada, ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur, ríkisstjórnar konungsríkisins Noregs, ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins, ríkisstjórnar konungsríkisins Svíþjóðar og ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, sem gerður var í Nuuk 12. maí 2011, öðlaðist gildi 19. janúar 2013.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um samstarf um leit og björgun
á sjó og í lofti á norðurslóðum.

Ríkisstjórn Kanada, ríkisstjórn konungsríkisins Danmerkur, ríkisstjórn Lýðveldisins Finnlands, ríkisstjórn Íslands, ríkisstjórn konungsríkisins Noregs, ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, ríkisstjórn konungsríkisins Svíþjóðar og ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku, hér á eftir nefndir „samningsaðilar“,

TAKA MIÐ AF viðeigandi ákvæðum hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982,

SEM ERU aðilar að alþjóðasamningi um leit og björgun á sjó frá 1979, hér á eftir nefndur „SAR-samningurinn“, og samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944, hér á eftir nefnd „Chicago-samningurinn“,

HAFI TIL HLIÐSJÓNAR alþjóðlega handbók vegna leitar og björgunar á sjó og í lofti, hér á eftir nefnd „IAMSAR-handbókin“,

MINNAST yfirlýsingar um stofnun Norðurskautaráðsins í Ottawa 1996,

LEGGJA ÁHERSLU Á yfirlýsingu 6. ráðherrafundar Norðurskautsráðsins í Tromsø 2009 þar sem samþykkt var að koma á starfshópi til að vinna að og ljúka samningaviðræðum um alþjóðagering um samstarf um leitar- og björgunaraðgerðir á norðurslóðum,

ERU SÉR MEÐVITANDI UM þær áskoranir sem óblíð skilyrði á norðurslóðum skapa fyrir leitar- og björgunaraðgerðir og þá grundvallarþýðingu sem tafarlaus aðstoð við nauðstadda einstaklinga hefur við slíkar aðstæður,

ERU MINNUGAR þeirrar aukningar sem orðið hefur á flugumferð og skipaumferð og annarri starfsemi manna á norðurslóðum, þ.m.t. athafnir íbúa á norðurslóðum og fólks sem leggur leið sína á norðurslóðir,

VIÐURKENNA mikilvægi samvinnu milli samningsaðila við framkvæmd leitar- og björgunaraðgerða

LEGGJA ÁHERSLU á gagnsemi þess að skiptast á upplýsingum og reynslu á sviði leitar og björgunar og að efna til sameiginlegrar þjálfunar og æfinga,

OG HAFI ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.

Hugtök og skilgreiningar.

1. Í samningi þessum gilda hugtök og skilgreiningar í 1. kafla viðaukans við SAR-samninginn og í 1. kafla 12. viðauka við Chicago-samninginn.
2. Í samningi þessum merkir „yfirráðasvæði samningsaðila“ landsvæði ríkis, innsævi þess og landhelgi, þ.m.t. loftrými yfir þeim svæðum.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið samnings þessa er að styrkja samstarf og samræmingu við leit og björgun á sjó og í lofti á norðurslóðum.

3. gr.

Gildissvið samningsins.

1. Afmörkun leitar- og björgunarsvæðanna á sjó og í lofti sem varða samning þennan er tilgreind í 1. mgr. viðaukans við samninginn. Svæðið þar sem hver samningsaðili skal beita ákvæðum samnings þessa er tilgreint í 2. mgr. viðaukans við samninginn.

2. Afmörkun leitar- og björgunarsvæða er óháð og skal ekki hafa áhrif á afmörkun landamæra milli ríkja eða fullveldi þeirra, fullveldisréttindi eða lögsögu.
3. Hver samningsaðili skal stuðla að því að fyrir hendi sé geta til þess að koma á, reka og viðhalda fullnægjandi og skilvirkri leitar- og björgunarþjónustu innan hans svæðis skv. 2. mgr. viðaukans við samning þennan.

4. gr.

Lögbær stjórnvöld samningsaðila.

1. Lögbær stjórnvöld samningsaðila eru tilgreind í I. viðbæti við samning þennan.
2. Samningsaðili skal án tafar tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega eftir diplómátskum leiðum um allar breytingar er varða lögbær stjórnvöld hans.

5. gr.

Stofnanir sem bera ábyrgð á leit og björgun á sjó og í lofti.

1. Stofnanir sem bera ábyrgð á leit og björgun á sjó og í lofti, hér á eftir nefndar „leitar- og björgunarstofnanir“, eru tilgreindar í II. viðbæti við samning þennan.
2. Samningsaðili skal án tafar tilkynna hinum samningsaðilunum í gegnum lögbær stjórnvöld sín um allar breytingar sem varða leitar- og björgunarstofnun eða – stofnanir hans.

6. gr.

Björgunarmiðstöðvar.

1. Lista yfir björgunarmiðstöðvar samningsaðila fyrir leit og björgun á sjó eða í lofti að því er varðar samning þennan, hér á eftir nefndar „björgunarmiðstöðvar“, er að finna í III. viðbæti við samning þennan.
2. Samningsaðili skal án tafar tilkynna hinum samningsaðilunum í gegnum lögbær stjórnvöld sín um allar breytingar sem varða björgunarmiðstöðvar hans.

7. gr.

Framkvæmd leitar- og björgunaraðgerða á sjó og í lofti.

1. SAR-samningurinn og Chicago- samningurinn skulu notaðir sem grundvöllur fyrir framkvæmd leitar- og björgunaraðgerða samkvæmt samningi þessum.
2. IAMSAR-handbókin er til frekari leiðbeiningar um framkvæmd samnings þessa.
3. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar, framkvæma leit og björgun á sjó og í lofti samkvæmt samningi þessum í samræmi við eftirfarandi:
 - a) leitar- og björgunaraðgerðir, sem framkvæmdar eru samkvæmt samningi þessum á yfirráðasvæði samningsaðila, skulu fara fram í samræmi við lög og reglur þess samningsaðila,
 - b) ef leitar- og björgunarstofnun og/eða björgunarmiðstöð samningsaðila fær upplýsingar um að einstaklingur sé eða kunni að vera nauðstaddur skal sá samningsaðili gera brýnar ráðstafanir til að tryggja að nauðsynleg aðstoð sé veitt,
 - c) samningsaðili, sem hefur ástæðu til að ætla að einstaklingur, skip eða önnur för eða loftfar sé í neyð á svæði annars samningsaðila, sbr. 2. mgr. viðaukans, skal senda svo fljótt sem auðið er allar tiltækar upplýsingar til samningsaðila sem um er að ræða,
 - d) leitar- og björgunarstofnun og/eða björgunarmiðstöð samningsaðila, sem hefur fengið upplýsingar um aðstæður sem kveðið er á um í b-lið þessarar málsgreinar, er heimilt að leita aðstoðar annarra samningsaðila,
 - e) samningsaðilinn, sem beiðni um aðstoð er beint til, skal ákveða án tafar og tilkynna samningsaðilanum sem biður um aðstoð hvort hann sé í aðstöðu til þess að veita umbedna aðstoð eður ei og skal þegar í stað gera grein fyrir umfangi þeirrar aðstoðar sem hægt er að veita og með hvaða skilyrðum,
 - f) samningsaðilar skulu tryggja að hverjum nauðstöddum einstaklingi sé veitt aðstoð. Skal hún veitt án tillits til þjóðernis eða stöðu viðkomandi einstaklings eða aðstæðna sem hann er í, og
 - g) samningsaðili skal þegar í stað veita viðeigandi ræðisskrifstofum eða sendiráðum allar upplýsingar sem varða leit og björgun einstaklings.

8. gr.

Beiðni um að fara inn á yferráðasvæði samningsaðila vegna leitar- og björgunaraðgerða.

1. Samningsaðili, sem fer fram á heimild til að fara inn á yferráðasvæði annars eða annarra samningsaðila vegna leitar eða björgunar, þ.m.t. eldsneytistaka, skal senda beiðni sína til leitar- og björgunarstofnunar og/eða björgunarmiðstöðvar viðkomandi samningsaðila.
2. Samningsaðilinn, sem tekur á móti slíkrar beiðni, skal staðfesta viðtöku hennar tafarlaust. Samningsaðilinn, sem tekur á móti beiðninni, skal gera grein fyrir því svo fljótt sem auðið er í gegnum björgunarmiðstöð sína hvort heimild til að fara inn á yferráðasvæði hans sé veitt og með hvaða skilyrðum aðgerðin sé heimiluð, ef einhver eru.
3. Samningsaðilinn, sem tekur á móti slíkrar beiðni, skal, ásamt samningsaðila sem þarf að heimila gegnumferð á yferráðasvæði sínu, beita þeirri flýtimeðferð sem kostur er við för yfir landamæri, í samræmi við landslög sín og alþjóðlegar skuldbindingar.

9. gr.

Samstarf milli samningsaðila.

1. Samningsaðilar skulu efla samstarf sín á milli um atriði sem máli skipta samkvæmt samningi þessum.
2. Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum sem kunna að auka árangur leitar- og björgunaraðgerða. Í því getur falist eftirfarandi án þess þó að einskorðast við það:
 - a) upplýsingar um tengiliði,
 - b) upplýsingar um leitar- og björgunaraðstöðu,
 - c) listi yfir tiltæka flugvelli og hafnir og aðstöðu sem er þar fyrir hendi til eldsneytistöku og aðfanga,
 - d) vitneskja um eldsneytis-, birgða- og læknisaðstöðu, og
 - e) upplýsingar sem koma að gagni við þjálfun leitar- og björgunarfólks.
3. Samningsaðilar skulu stuðla að gagnkvæmri samvinnu um leit og björgun með tilhlýðilegu tilliti til samstarfs sem felur í sér eftirfarandi án þess þó að einskorðast við það:
 - a) miðlun reynslu,
 - b) skipti í rauntíma á veðurfræðilegum og haffræðilegum upplýsingum, greiningum, spám og viðvörðunum,
 - c) skipulagningu gagnkvæmra heimsókna leitar- og björgunarfólks,
 - d) framkvæmd sameiginlegra leitar- og björgunaraðferða og þjálfunar,
 - e) notkun tilkynningarskyldukerfis skipa við leit og björgun,
 - f) skipti á upplýsingakerfum, upplýsingum um leitar- og björgunaraðgerðir, aðferðir, búnað og aðstöðu,
 - g) þjónustu til stuðnings leitar- og björgunaraðgerðum,
 - h) að ríkin deili afstöðu sinni til málefna er varða leit og björgun með hvert öðru þar sem þau eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta og sem er innan gildissviðs samnings þessa,
 - i) stuðning við og framkvæmd sameiginlegra framtaksverkefna um rannsóknir og þróun sem hafa m.a. að markmiði að stytta leitar tíma, auka árangur björgunaraðgerða og lágmarka áhættu fyrir leitar- og björgunarfólk, og
 - j) reglulegt eftirlit með fjarskiptum og fjarskiptaæfingar, þ.m.t. óhefðbundnar fjarskiptaleiðir til þess að bregðast við yfirálagi meðan á stórum leitar- og björgunaraðgerðum stendur.
4. Samningsaðilar skulu beita ákvæðum samnings þessa að því marki sem unnt er þegar þeir halda sameiginlegar æfingar.

10. gr.

Fundir samningsaðila.

Samningsaðilar skulu koma saman reglulega til að taka til athugunar og leysa mál sem varða hagnýtt samstarf þeirra. Á þessum fundum skulu þeir taka til athugunar eftirfarandi atriði, en þó ekki eingöngu:

- a) gagnkvæmar heimsóknir sérfræðinga á sviði leitar og björgunar,

- b) framkvæmd sameiginlegra leitar- og björgunaræfinga og þjálfunar,
- c) hugsanlegu þátttöku sérfræðinga á sviði leitar og björgunar sem áheyrnafulltrúa við leitar- og björgunaræfingar annarra samningsaðila,
- d) undirbúning tillagna um þróun samstarfs samkvæmt samningi þessum,
- e) áætlanagerð, þróun, og notkun fjarskiptakerfa,
- f) fyrirkomulag við að endurskoða og, ef nauðsyn krefur, umbæta beitingu alþjóðlegra leiðbeiningarreglna varðandi álitæfni sem varða leit og björgun á norðurslóðum, og
- g) endurskoðun á viðeigandi leiðbeiningum um veðurþjónustu á norðurslóðum.

11. gr.

Sameiginleg endurskoðun leitar- og björgunaraðgerða.

Leitar- og björgunarstofnanir samningsaðila geta í kjölfar stórrar sameiginlegrar leitar- og björgunaraðgerðar gert sameiginlega endurskoðun á aðgerðinni undir forystu samningsaðilans sem samræmdu aðgerðina.

12. gr.

Fjármögnun.

1. Hver samningsaðili skal bera kostnað sem til fellur við framkvæmd hans á samningi þessum nema annað sé ákveðið.
2. Framkvæmd samnings þessa er með fyrirvara um að fjárhagsleg og efnisleg geta sé fyrir hendi.

13. gr.

Viðauki.

Viðaukinn við samning þennan er óaðskiljanlegur hluti samningsins. Vísanir til samnings þessa ber að skilja með þeim hætti að þær vísi jafnframt til viðaukans.

14. gr.

Breytingar.

1. Heimilt er að breyta samningi þessum með skriflegu samkomulagi allra samningsaðila.
2. Breyting skal öðlast gildi 120 dögum eftir þann dag er vörsluaðila barst síðasta skriflega tilkynningin eftir diplómátskum leiðum um að samningsaðilar hafi lokið þeirri innlendu málsmeðferð sem er skilyrði fyrir gildistöku samningsins.

15. gr.

Málsmeðferð vegna breytinga á viðaukanum.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. samnings þessa er sérhverjum tveimur samningsaðilum með samliggjandi leitar- og björgunarsvæði unnt, með gagnkvæmu samkomulagi, að breyta upplýsingum í 1. mgr. viðaukans við samning þennan þar sem afmörkun svæðanna er tilgreind. Slík breyting skal öðlast 120 dögum eftir þann dag er vörsluaðila hefur borist staðfesting eftir diplómátskum leiðum frá báðum samningsaðilunum á því að slíkt gagnkvæmt samkomulag hafi öðlast gildi.
2. Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. samnings þessa er samningsaðila heimilt að breyta þeim hluta 2. mgr. viðaukans við samninginn sem ekki hefur áhrif á svæði annars samningsaðila og skal tilkynna vörsluaðila um slíka breytingu eftir diplómátskum leiðum. Slík breyting skal öðlast gildi 120 dögum eftir dagsetningu tilkynningarinnar.

16. gr.

Tengsl við aðra samninga.

Ákvæði samnings þessa skulu, að 1. mgr. viðaukans við samninginn undanskilinni, ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt samningum þeirra í milli sem eru í gildi á þeim degi er samningur þessi öðlast gildi.

17. gr.

Lausn deilumála.

Samningsaðilar skulu leysa ágreining um túlkun eða beitingu samnings þessa með beinum samningaviðræðum.

18. gr.

Aðilar sem ekki eiga aðild að samningnum.

Samningsaðila er heimilt, eftir því sem við á, að leita eftir samstarfi við ríki sem ekki eru aðilar að samningi þessum og kunna að geta gegnt hlutverki við framkvæmd leitar- og björgunaraðgerða, í samræmi við gildandi alþjóðaskuldbindingar.

19. gr.

Beiting til bráðabirgða, gildistaka og uppsögn.

1. Undirritunaraðila er heimilt að beita samningi þessum til bráðabirgða sendi hann skriflega yfirlýsingu um fyrirætlan sína til vörsluaðila. Skal undirritunaraðilinn beita samningi þessum til bráðabirgða frá dagsetningu yfirlýsingar sinnar eða annarri dagsetningu tilgreindri í yfirlýsingu hans.
2. Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag þegar vörsluaðili veitir viðtöku síðustu skriflegu tilkynningunni sem barst eftir diplómátskum leiðum um að samningsaðilar hafi lokið þeirri innlendu málsmeðferð sem er skilyrði fyrir gildistöku samningsins.
3. Samningsaðili getur hvenær sem er sagt sig frá samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega eftir diplómátskum leiðum með a.m.k. sex mánaða fyrirvara, þar sem fram kemur hvaða dag uppsögnin öðlast gildi. Uppsögn samningsins skal ekki hafa áhrif á beitingu samningsins af hálfu samningsaðilanna sem eftir eru.

20. gr.

Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Kanada skal vera vörsluaðili samnings þessa.

GJÖRT í Nuuk hinn 12. maí 2011 á ensku, frönsku og rússnesku og eru allir textar jafngildir. Vinnutungumál samnings þessa skal vera enska sem er tungumálið sem viðræðurnar um gerð samningsins fóru fram á.

VIÐAUKI
Gildissvið samnings þessa.

1. Leitar- og björgunarsvæðin sem varða samning þennan eru afmörkuð sem hér segir:¹

Kanada – Danmörk

Leitar- og björgunarsvæði Kanada og Danmerkur á sjó og í lofti skulu afmörkuð með óslitinni línu sem tengir eftirfarandi hnit:

- 58°30'00"N, 043°00'00"V,
- 58°30'00"N, 050°00'00"V,
- 63°00'00"N, 055°40'00"V,
- 65°00'00"N, 057°45'00"V,
- 76°00'00"N, 076°00'00"V,
- 78°00'00"N, 075°00'00"V,
- 82°00'00"N, 060°00'00"V, og
- þaðan í norður að norðurheimskautinu.

Kanada – Bandaríki Ameríku

Leitar- og björgunarsvæði Kanada og Bandaríkja Ameríku á sjó og í lofti skulu afmörkuð með óslitinni línu sem tengir eftirfarandi hnit:

- 48°20'00"N, 145°00'00"V,
- 54°40'00"N, 140°00'00"V,
- 54°40'00"N, 136°00'00"V,
- 54°00'00"N, 136°00'00"V,
- 54°13'00"N, 134°57'00"V,
- 54°39'27"N, 132°41'00"V,
- 54°42'30"N, 130°36'30"V, og
- norður eftir landamæri að Beaufort-hafi og þaðan að norðurheimskautinu.

Danmörk – Ísland

Leitar- og björgunarsvæði Danmerkur og Íslands á sjó og í lofti skulu afmörkuð með óslitinni línu sem tengir eftirfarandi hnit:

- 58°30'00"N, 043°00'00"V,
- 63°30'00"N, 039°00'00"V,
- 70°00'00"N, 020°00'00"V,
- 73°00'00"N, 020°00'00"V, og
- 73°00'00"N, 000°00'00"A/V.

Danmörk – Noregur

Leitar- og björgunarsvæði Danmerkur og Noregs á sjó og í lofti skulu afmörkuð með óslitinni línu sem tengir eftirfarandi hnit:

- 73°00'00"N, 000°00'00"A/V, og
- þaðan í norður að norðurheimskautinu.

Finnland – Noregur

Landamæri Finnlands og Noregs skulu afmarka leitar- og björgunarsvæði hvors ríkis fyrir sig.

Finnland – Svíþjóð

Landamæri Finnlands og Svíþjóðar skulu afmarka leitar- og björgunarsvæði hvors ríkis fyrir sig.

¹ Hnitin í viðauka þessum eru samkvæmt landmælingakerfi World Geodetic System 1984 („WGS 84“). Öll hnit eru tengd með landmælingalínunum. Norðurheimskaut vísar til hins landfræðilega norðurheimskauts sem er á 90. gráðu norðlægrar breiddar og heimskautabaugur vísar til breiddargráðunnar 66°33'44"N.

Finnland – Rússneska sambandsríkið

Landamæri Finnlands og Rússneska sambandsríkisins skulu afmarka leitar- og björgunarsvæði hvors ríkis fyrir sig.

Ísland – Noregur

Leitar- og björgunarsvæði Íslands og Noregs á sjó og í lofti skulu afmörkuð með óslitinni línu sem tengir eftirfarandi hnit:

- 66°33'44"N, 000°00'00"A/V, og
- 73°00'00"N, 000°00'00"A/V.

Noregur – Svíþjóð

Landamæri Noregs og Svíþjóðar skulu afmarka leitar- og björgunarsvæði hvors ríkis fyrir sig.

Noregur – Rússneska sambandsríkið

Leitar- og björgunarsvæði Noregs og Rússneska sambandsríkisins á sjó og í lofti skulu afmörkuð með landamærum Noregs og Rússneska og síðan með óslitinni línu sem tengir eftirfarandi hnit:

- 69°47'41.42"N, 030°49'03.55"A,
- 69°58'45.49"N, 031°06'15.58"A,
- 70°05'58.84"N, 031°26'41.28"A,
- 70°07'15.20"N, 031°30'19.43"A,
- 70°11'51.68"N, 031°46'33.57"A,
- 70°16'28.95"N, 032°04'23.00"A,
- 72°27'51.00"N, 035°00'00.00"A, og
- þaðan að norðurheimskautinu.

Rússneska sambandsríkið – Bandaríki Ameríku

Leitar- og björgunarsvæði Rússneska sambandsríkisins og Bandaríkja Ameríku á sjó og í lofti skulu afmörkuð með óslitinni línu sem tengir eftirfarandi hnit:

- 50°05'00"N, 159°00'00"A,
- 54°00'00"N, 169°00'00"A,
- 54°49'00"N, 170°12'00"A,
- 60°00'00"N, 180°00'00"A/V,
- 64°03'00"N, 172°12'00"V,
- 65°00'00"N, 168°58'24"V, og
- þaðan í norður að norðurheimskautinu.

2. Hver samningsaðili skal beita þessum samningi á eftirfarandi svæðum sem eru umlukt óslitinni línu, hver fyrir sig

Kanada

- Frá norðurheimskauti í suður að 82°00'00"N, 060°00'00"V,
- 78°00'00"N, 075°00'00"V,
- 76°00'00"N, 076°00'00"V,
- 65°00'00"N, 057°45'00"V,
- 63°00'00"N, 055°40'00"V,
- að þeim punkti þar sem hún sker breiddargráðu 60°00'00"N,
- í vestur eftir breiddargráðu 60°00'00"N þar til hún sker landamæri Kanada og Bandaríkja Ameríku,
- norður eftir landamærum að Beaufort-hafi, og
- þaðan í norður að norðurheimskautinu.

Danmörk

- Frá norðurheimskauti í suður að 82°00'00"N, 060°00'00"V,
- 78°00'00"N, 075°00'00"V,
- 76°00'00"N, 076°00'00"V,
- 65°00'00"N, 057°45'00"V,
- 63°00'00"N, 055°40'00"V,
- 58°30'00"N, 050°00'00"V,
- 58°30'00"N, 043°00'00"V,
- 63°30'00"N, 039°00'00"V,
- 70°00'00"N, 020°00'00"V,
- 73°00'00"N, 020°00'00"V,
- 73°00'00"N, 000°00'00"A/V, og
- þaðan í norður að norðurheimskautinu.

Finnland

- Frá þeim punkti þar sem þrenn landamæri Finnlands, Noregs og Svíþjóðar mætast, suður eftir landamærum Finnlands og Svíþjóðar að þeim punkti þar sem þau landamæri skarast við heimskautabaug,
- austur eftir heimskautabaug að þeim punkti þar sem heimskautabaugur sker landamæri Finnlands og Rússneska sambandsríkisins,
- norður eftir landamærum Finnlands og Rússneska sambandsríkisins að þeim punkti þar sem þrenn landamæri Finnlands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins mætast, og
- þaðan að þeim punkti þar sem þrenn landamæri Finnlands, Noregs og Svíþjóðar mætast.

Ísland

- From 73°00'00"N, 000°00'00"A/V vestlæggar lengdar að 73°00'00"N, 020°00'00"V,
- 70°00'00"N, 020°00'00"V,
- 63°30'00"N, 039°00'00"V,
- 58°30'00"N, 043°00'00"V,
- 58°30'00"N, 030°00'00"V,
- 61°00'00"N, 030°00'00"V,
- 61°00'00"N, 000°00'00"A/V, og
- þaðan í norður að 73°00'00"N, 000°00'00"A/V.

Noregur

- Frá norðurheimskauti í suður að 66°33'44"N, 000°00'00"A/V,
- austur eftir heimskautabaug að þeim punkti þar sem heimskautabaugur sker landamæri Svíþjóðar og Noregs,
- norður eftir landamærum Svíþjóðar og Noregs að þeim punkti þar sem þrenn landamæri Svíþjóðar, Noregs og Finnlands mætast,
- austur eftir landamærum Finnlands og Noregs að þeim punkti þar sem þrenn landamæri Finnlands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins mætast,
- norður eftir landamærum að Barentshafi,
- 69°47'41.42"N, 030°49'03.55"A,
- 69°58'45.49"N, 031°06'15.58"A,
- 70°05'58.84"N, 031°26'41.28"A,
- 70°07'15.20"N, 031°30'19.43"A,
- 70°11'51.68"N, 031°46'33.57"A,
- 70°16'28.95"N, 032°04'23.00"A,
- 72°27'51.00"N, 035°00'00.00"A, og
- þaðan í norður að norðurheimskautinu.

Rússneska sambandsríkið

- Frá norðurheimskauti í suður að 72°27'51.00"N, 035°00'00.00"A,
- 70°16'28.95"N, 032°04'23.00"A,
- 70°11'51.68"N, 031°46'33.57"A,
- 70°07'15.20"N, 031°30'19.43"A,
- 70°05'58.84"N, 031°26'41.28"A,
- 69°58'45.49"N, 031°06'15.58"A,
- 69°47'41.42"N, 030°49'03.55"A suður að þeim punkti þar sem sá lengdarbaugur mætir landamærum Rússneska sambandsríkisins og Noregs,
- suður eftir landamærum Rússneska sambandsríkisins og Noregs að þeim punkti þar sem þrenn landamæri Rússneska sambandsríkisins, Finnlands og Noregs mætast,
- suður eftir landamærum Rússneska sambandsríkisins og Finnlands að þeim punkti þar sem þau landamæri skera heimskautabaug,
- austur eftir heimskautabaugi þar sem heimskautabaugur sker 180°00'00" A/V lengdarbauginn,
- 50°05'00"N, 159°00'00"A,
- 54°00'00"N, 169°00'00"A,
- 54°49'00"N, 170°12'00"A,
- 60°00'00"N, 180°00'00"A/V,
- 64°03'00"N, 172°12'00"V,
- 65°00'00"N, 168°58'24"V, og
- þaðan í norður að norðurheimskautinu.

Svíþjóð

- Frá þeim punkti þar sem þrenn landamæri Svíþjóðar, Noregs og Finnlands mætast,
- suður eftir landamærum Svíþjóðar og Noregs að þeim punkti þar sem þau landamæri skera heimskautabaug,
- austur eftir heimskautabaug að þeim punkti þar sem heimskautabaugur sker landamæri Svíþjóðar og Finnlands, og
- þaðan norður eftir landamærum Svíþjóðar og Finnlands að þeim punkti þar sem þrenn landamæri Svíþjóðar, Noregs og Finnlands mætast.

Bandaríki Ameríku

- Frá norðurheimskauti í suður að 65°00'00"N, 168°58'24"V,
- 64°03'00"N, 172°12'00"V,
- 60°00'00"N, 180°00'00"A/V,
- 54°49'00"N, 170°12'00"A,
- 54°00'00"N, 169°00'00"A,
- 50°05'00"N, 159°00'00"A,
- 50°05'00"N, 143°40'00"V,
- 54°40'00"N, 140°00'00"V,
- 54°40'00"N, 136°00'00"V,
- 54°00'00"N, 136°00'00"V,
- 54°13'00"N, 134°57'00"V,
- 54°39'27"N, 132°41'00"V,
- 54°42'30"N, 130°36'30"V,
- norður eftir landamærum að Beaufort-hafi, og
- þaðan í norður að norðurheimskautinu.

I. VIÐBÆTIR
Lögbær stjórnvöld.

Lögbær stjórnvöld samningsaðila eru:

Kanada – varnarmálaráðherra,

Danmörk – Siglingamálastofnun Danmerkur,

Finnland – innanríkisráðuneytið, Flugmálastjórn Finnlands,

Ísland – innanríkisráðuneytið,

Noregur – ráðuneyti dómsmála og löggæslu,

Rússneska sambandsríkið – flutningamálaráðuneyti Rússneska sambandsríkisins, ráðuneyti Rússneska sambandsríkisins fyrir almannavarnir, neyðarþjónustu og viðbrögð við afleiðingum náttúruhamfara,

Svíþjóð – Siglingamálastofnun Svíþjóðar, og

Bandaríki Ameríku – Bandaríska strandgæslan.

II. VIÐBÆTIR
Leitar- og björgunarstofnanir.

Leitar – og björgunarstofnanir samningsaðila eru:

Kanada – Kanadíski herinn, Kanadíska strandgæslan,

Danmörk – Siglingamálastofnun Danmerkur, Samgöngumálastofnun Danmerkur, sjávarútvegsráðuneytið – Færeyjum,

Finnland – Finnska landamæraeftirlitið,

Ísland – Landhelgisgæsla Íslands,

Noregur – Björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara, Norður Noregi (JRCC NN Bodø),

Rússneska sambandsríkið – Flugumferðarstjórn Rússneska sambandsríkisins, Stofnun Rússneska sambandsríkisins fyrir flutninga á sjó og ám,

Svíþjóð – Siglingamálastofnun Svíþjóðar, og

Bandaríki Ameríku – Bandaríska strandgæslan, bandaríska varnarmálaráðuneytið.

III. VIÐBÆTIR
Björgunarmiðstöðvar.

Björgunarmiðstöðvar samningsaðila eru:

Kanada – Björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara, Trenton

Danmörk – Stjórnstöð sjóbjörgunar, Grønnedal (MRCC Grønnedal), Björgunarstjórnstöð, Søndrestøm/Kangerlussuaq (RCC Søndrestøm), Stjórnstöð sjóbjörgunar, Þórshöfn (MRCC Torshavn),

Finnland – Stjórnstöð sjóbjörgunar, Turku (MRCC Turku), Björgunarstjórnstöð loftfara, Finnlandi (ARCC Finland),

Ísland – Björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara, Íslandi (JRCC Iceland),

Noregur - Björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara (JRCC NN Bodø),

Rússneska sambandsríkið – Sjóbjörgunarstjórnstöð ríkisins (SMRCC), Aðalstjórnstöð loftfara í leit og björgun (MACC),

Svíþjóð – Björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara, Gautaborg (JRCC Gothenburg), og

Bandaríki Ameríku – Björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara, Juneau (JRCC Juneau), Björgunarstjórnstöð loftfara, Elmendorf (ARCC Elmendorf).

AGREEMENT
on Cooperation on Aeronautical and Maritime
Search and Rescue in the Arctic

The Government of Canada, the Government of the Kingdom of Denmark, the Government of the Republic of Finland, the Government of Iceland, the Government of the Kingdom of Norway, the Government of the Russian Federation, the Government of the Kingdom of Sweden, and the Government of the United States of America, hereinafter referred to as “the Parties”,

Taking into account the relevant provisions of the 1982 United Nations Convention on the Law of the Sea,

Being Parties to the 1979 International Convention on Maritime Search and Rescue, hereinafter referred to as “the SAR Convention”, and the 1944 Convention on International Civil Aviation, hereinafter referred to as “the Chicago Convention”,

Noting the International Aeronautical and Maritime Search and Rescue Manual, hereinafter referred to as “the IAMSAR Manual”,

Recalling the 1996 Ottawa Declaration on the Establishment of the Arctic Council,

Highlighting the 2009 Tromsø Declaration on the occasion of the Sixth Ministerial Meeting of the Arctic Council, which approved the establishment of a task force to develop and complete negotiation of an international instrument on cooperation on search and rescue operations in the Arctic,

Conscious of the challenges posed by harsh Arctic conditions on search and rescue operations and the vital importance of providing rapid assistance to persons in distress in such conditions,

Mindful of the increase in aeronautical and maritime traffic and other human activity in the Arctic, including activity of Arctic residents and of people coming to the Arctic,

Recognizing the great importance of cooperation among the Parties in conducting search and rescue operations,

Emphasizing the usefulness of exchanging information and experience in the field of search and rescue and of conducting joint training and exercises,

Have agreed as follows:

Article 1

Terms and Definitions

1. For purposes of this Agreement, the terms and definitions contained in Chapter 1 of the Annex to the SAR Convention and in Chapter 1 of Annex 12 to the Chicago Convention shall apply.
2. For purposes of this Agreement, “territory of a Party” shall mean the land area of a State, its internal waters and its territorial sea, including the airspace above those areas.

Article 2

Objective of this Agreement

The objective of this Agreement is to strengthen aeronautical and maritime search and rescue cooperation and coordination in the Arctic.

Article 3

Scope of Application of this Agreement

1. The delimitations of the aeronautical and maritime search and rescue regions relevant to this Agreement are specified in paragraph 1 of the Annex to this Agreement. The area in which each Party shall apply this Agreement is set forth in paragraph 2 of the Annex to this Agreement.
2. The delimitation of search and rescue regions is not related to and shall not prejudice the delimitation of any boundary between States or their sovereignty, sovereign rights or jurisdiction.

3. Each Party shall promote the establishment, operation and maintenance of an adequate and effective search and rescue capability within its area as set forth in paragraph 2 of the Annex to this Agreement.

Article 4

Competent Authorities of the Parties

1. The Competent Authorities of the Parties are specified in Appendix I to this Agreement.
2. Each Party shall promptly inform the other Parties in writing through diplomatic channels of any changes regarding its Competent Authorities.

Article 5

Agencies Responsible for Aeronautical and Maritime Search and Rescue

1. The agencies responsible for aeronautical and maritime search and rescue, hereinafter referred to as "search and rescue agencies", are specified in Appendix II to this Agreement.
2. Each Party, through its Competent Authorities, shall promptly inform the other Parties of any changes regarding its search and rescue agency or agencies.

Article 6

Rescue Coordination Centers

1. The list of aeronautical and/or maritime rescue coordination centers, hereinafter referred to as "RCCs", of the Parties for the purposes of this Agreement is contained in Appendix III to this Agreement.
2. Each Party, through its Competent Authorities, shall promptly inform the other Parties of any changes regarding its RCCs.

Article 7

Conduct of Aeronautical and Maritime Search and Rescue Operations

1. The SAR Convention and the Chicago Convention shall be used as the basis for conducting search and rescue operations under this Agreement.
2. The IAMSAR Manual provides additional guidelines for implementing this Agreement.
3. Without prejudice to paragraph 1 of this Article, the Parties shall conduct aeronautical and maritime search and rescue operations pursuant to this Agreement consistent with the following:
 - a) search and rescue operations conducted pursuant to this Agreement in the territory of a Party shall be carried out consistent with the laws and regulations of that Party;
 - b) if a search and rescue agency and/or RCC of a Party receives information that any person is, or appears to be, in distress, that Party shall take urgent steps to ensure that the necessary assistance is provided;
 - c) any Party having reason to believe that a person, a vessel or other craft or aircraft is in a state of emergency in the area of another Party as set forth in paragraph 2 of the Annex shall forward as soon as possible all available information to the Party or Parties concerned;
 - d) the search and rescue agency and/or RCC of a Party that has received information concerning a situation provided for in subparagraph (b) of this paragraph may request assistance from the other Parties;
 - e) the Party to whom a request for assistance is submitted shall promptly decide on and inform the requesting Party whether or not it is in a position to render the assistance requested and shall promptly indicate the scope and the terms of the assistance that can be rendered;
 - f) the Parties shall ensure that assistance be provided to any person in distress. They shall do so regardless of the nationality or status of such a person or the circumstances in which that person is found; and
 - g) a Party shall promptly provide all relevant information regarding the search and rescue of any person to the consular or diplomatic authorities concerned.

Article 8

*Request to Enter the Territory of a Party
for Purposes of Search and Rescue Operations*

1. A Party requesting permission to enter the territory of a Party or Parties for search and rescue purposes, including for refueling, shall send its request to a search and rescue agency and/or RCC of the relevant Party or Parties.
2. The Party receiving such a request shall immediately confirm such receipt. The receiving Party, through its RCCs, shall advise as soon as possible as to whether entry into its territory has been permitted and the conditions, if any, under which the mission may be undertaken.
3. The Party receiving such a request, as well as any Party through whose territory permission to transit is needed, shall apply, in accordance with its law and international obligations, the most expeditious border crossing procedure possible.

Article 9

Cooperation Among the Parties

1. The Parties shall enhance cooperation among themselves in matters relevant to this Agreement.
2. The Parties shall exchange information that may serve to improve the effectiveness of search and rescue operations. This may include, but is not limited to:
 - a) communication details;
 - b) information about search and rescue facilities;
 - c) lists of available airfields and ports and their refueling and resupply capabilities;
 - d) knowledge of fueling, supply and medical facilities; and
 - e) information useful for training search and rescue personnel.
3. The Parties shall promote mutual search and rescue cooperation by giving due consideration to collaborative efforts including, but not limited to:
 - a) exchange of experience;
 - b) sharing of real-time meteorological and oceanographic observations, analyses, forecasts, and warnings;
 - c) arranging exchanges of visits between search and rescue personnel;
 - d) carrying out joint search and rescue exercises and training;
 - e) using ship reporting systems for search and rescue purposes;
 - f) sharing information systems, search and rescue procedures, techniques, equipment, and facilities;
 - g) providing services in support of search and rescue operations;
 - h) sharing national positions on search and rescue issues of mutual interest within the scope of this Agreement;
 - i) supporting and implementing joint research and development initiatives aimed, *inter alia*, at reducing search time, improving rescue effectiveness, and minimizing risk to search and rescue personnel; and
 - j) conducting regular communications checks and exercises, including the use of alternative means of communications for handling communication overloads during major search and rescue operations.
4. When conducting joint exercises, the Parties should apply the principles of this Agreement to the extent possible.

Article 10

Meetings of the Parties

The Parties shall meet on a regular basis in order to consider and resolve issues regarding practical cooperation. At these meetings they should consider issues including but not limited to:

- a) reciprocal visits by search and rescue experts;
- b) conducting joint search and rescue exercises and training;
- c) possible participation of search and rescue experts as observers at national search and rescue exercises of any other Party;

- d) preparation of proposals for the development of cooperation under this Agreement;
- e) planning, development, and use of communication systems;
- f) mechanisms to review and, where necessary, improve the application of international guidelines to issues concerning search and rescue in the Arctic; and
- g) review of relevant guidance on Arctic meteorological services.

Article 11

Joint Review of Search and Rescue Operations

After a major joint search and rescue operation, the search and rescue agencies of the Parties may conduct a joint review of the operation led by the Party that coordinated the operation.

Article 12

Funding

1. Unless otherwise agreed, each Party shall bear its own costs deriving from its implementation of this Agreement.
2. Implementation of this Agreement shall be subject to the availability of relevant resources.

Article 13

Annex

The Annex to this Agreement forms an integral part of this Agreement. All references to this Agreement are understood to include the Annex.

Article 14

Amendments

1. This Agreement may be amended by written agreement of all the Parties.
2. An amendment shall enter into force 120 days after the date on which the depositary has received the last written notification through diplomatic channels that the Parties have completed the internal procedures required for its entry into force.

Article 15

Amendment Procedure for the Annex

1. Notwithstanding Article 14 of this Agreement, any two Parties with adjacent search and rescue regions may by mutual agreement amend information contained in paragraph 1 of the Annex to this Agreement setting forth the delimitation between those regions. Such amendment shall enter into force 120 days after the date on which the depositary has received confirmation through diplomatic channels from both Parties that such mutual agreement has entered into force.
2. Notwithstanding Article 14 of this Agreement, any Party may amend that portion of paragraph 2 of the Annex to this Agreement that does not affect the area of any other Party and shall notify the depositary of any such amendment through diplomatic channels. Such amendment shall enter into force 120 days after the date of such notification.

Article 16

Relationship with Other Agreements

With the exception of paragraph 1 of the Annex to this Agreement, the provisions of this Agreement shall not affect the rights and obligations of Parties under agreements between them which are in force on the date of the entry into force of this Agreement.

Article 17

Settlement of Disputes

The Parties shall resolve any disputes concerning the application or interpretation of this Agreement through direct negotiations.

Article 18
Non-Parties

Any Party to this Agreement may, where appropriate, seek cooperation with States not party to this Agreement that may be able to contribute to the conduct of search and rescue operations, consistent with existing international agreements.

Article 19
Provisional Application, Entry into Force and Withdrawal

1. This Agreement may be applied provisionally by any signatory that provides a written statement to the depositary of its intention to do so. Any such signatory shall apply this Agreement provisionally from the date of its statement or from such other date as indicated in its statement.
2. This Agreement shall enter into force 30 days after the date of receipt by the depositary of the last written notification through diplomatic channels that the Parties have completed the internal procedures required for its entry into force.
3. Any Party may at any time withdraw from this Agreement by sending written notification thereof to the depositary through diplomatic channels at least six months in advance, specifying the effective date of its withdrawal. Withdrawal from this Agreement shall not affect its application among the remaining Parties.

Article 20
Depositary

The Government of Canada shall be the depositary for this Agreement.

Done at Nuuk this 12th day of May 2011, in the English, French and Russian languages, all texts being equally authentic. The working language of this Agreement shall be English, the language in which this Agreement was negotiated.

ANNEX
SCOPE OF APPLICATION OF THIS AGREEMENT

1. The search and rescue regions relevant to this Agreement are delimited as follows: ¹

Canada-Denmark

The aeronautical and maritime search and rescue regions of Canada and Denmark shall be delimited by a continuous line connecting the following coordinates:

- 58°30'00"N, 043°00'00"W;
- 58°30'00"N, 050°00'00"W;
- 63°00'00"N, 055°40'00"W;
- 65°00'00"N, 057°45'00"W;
- 76°00'00"N, 076°00'00"W;
- 78°00'00"N, 075°00'00"W;
- 82°00'00"N, 060°00'00"W; and
- Thence north to the North Pole.

Canada-United States of America

The aeronautical and maritime search and rescue regions of Canada and the United States of America shall be delimited by a continuous line connecting the following coordinates:

- 48°20'00"N, 145°00'00"W;
- 54°40'00"N, 140°00'00"W;
- 54°40'00"N, 136°00'00"W;
- 54°00'00"N, 136°00'00"W;
- 54°13'00"N, 134°57'00"W;
- 54°39'27"N, 132°41'00"W;
- 54°42'30"N, 130°36'30"W; and
- North along the land border to the Beaufort Sea and thence to the North Pole.

Denmark-Iceland

The aeronautical and maritime search and rescue regions of Denmark and Iceland shall be delimited by a continuous line connecting the following coordinates:

- 58°30'00"N, 043°00'00"W;
- 63°30'00"N, 039°00'00"W;
- 70°00'00"N, 020°00'00"W;
- 73°00'00"N, 020°00'00"W; and
- 73°00'00"N, 000°00'00"E/W.

Denmark-Norway

The aeronautical and maritime search and rescue regions of Denmark and Norway shall be delimited by a continuous line connecting the following coordinates:

- 73°00'00"N, 000°00'00"E/W; and
- Thence north to the North Pole.

Finland-Norway

The land border between Finland and Norway shall be the limit of their respective search and rescue regions.

¹ The coordinates in this Annex use the World Geodetic System 1984 ("WGS 84"). All coordinates are connected by geodetic lines. The North Pole refers to the Geographic North Pole, located at 90 degrees North latitude, and the Arctic Circle refers to 66°33'44"N latitude.

Finland-Sweden

The land border between Finland and Sweden shall be the limit of their respective search and rescue regions.

Finland-Russian Federation

The land border between Finland and the Russian Federation shall be the limit of their respective search and rescue regions.

Iceland-Norway

The aeronautical and maritime search and rescue regions of Iceland and Norway shall be delimited by a continuous line connecting the following coordinates:

- 66°33'44"N, 000°00'00"E/W; and
- 73°00'00"N, 000°00'00"E/W.

Norway- Sweden

The land border between Norway and Sweden shall be the limit of their respective search and rescue regions.

Norway-Russian Federation

The aeronautical and maritime search and rescue regions of Norway and the Russian Federation shall be delimited by the land border between Norway and the Russian Federation and then by a continuous line connecting the following coordinates:

- 69°47'41.42"N, 030°49'03.55"E;
- 69°58'45.49"N, 031°06'15.58"E;
- 70°05'58.84"N, 031°26'41.28"E;
- 70°07'15.20"N, 031°30'19.43"E;
- 70°11'51.68"N, 031°46'33.57"E;
- 70°16'28.95"N, 032°04'23.00"E;
- 72°27'51.00"N, 035°00'00.00"E; and
- Thence to the North Pole.

Russian Federation-United States of America

The aeronautical and maritime search and rescue regions of the Russian Federation and the United States of America shall be delimited by a continuous line connecting the following coordinates:

- 50°05'00"N, 159°00'00"E;
- 54°00'00"N, 169°00'00"E;
- 54°49'00"N, 170°12'00"E;
- 60°00'00"N, 180°00'00"E/W;
- 64°03'00"N, 172°12'00"W;
- 65°00'00"N, 168°58'24"W; and
- Thence north to the North Pole.

2. Each Party shall apply this Agreement in the following areas as encompassed by a continuous line, respectively:

Canada

- From the North Pole south to 82°00'00"N, 060°00'00"W;
- 78°00'00"N, 075°00'00"W;
- 76°00'00"N, 076°00'00"W;
- 65°00'00"N, 057°45'00"W;
- 63°00'00"N, 055°40'00"W;
- To the point where it intersects 60°00'00"N latitude;

- West along 60°00'00"N latitude until it intersects with land border between Canada and the United States of America;
- North along the land border to the Beaufort Sea; and
- Thence north to the North Pole.

Denmark

From the North Pole south to 82°00'00"N, 060°00'00"W;

- 78°00'00"N, 075°00'00"W;
- 76°00'00"N, 076°00'00"W;
- 65°00'00"N, 057°45'00"W;
- 63°00'00"N, 055°40'00"W;
- 58°30'00"N, 050°00'00"W;
- 58°30'00"N, 043°00'00"W;
- 63°30'00"N, 039°00'00"W;
- 70°00'00"N, 020°00'00"W;
- 73°00'00"N, 020°00'00"W;
- 73°00'00"N, 000°00'00"E/W; and
- Thence north to the North Pole.

Finland

- From the tripoint at which the land borders of Finland, Norway and Sweden meet, south along the land border between Finland and Sweden to the point at which that border intersects the Arctic Circle;
- East along the Arctic Circle to the point at which the Arctic Circle intersects the land border between Finland and the Russian Federation;
- North along the land border between Finland and the Russian Federation to the tripoint at which the land borders of Finland, Norway and the Russian Federation meet; and
- Thence to the tripoint at which the land borders of Finland, Norway and Sweden meet.

Iceland

- From 73°00'00"N, 000°00'00"E/W west to 73°00'00"N, 020°00'00"W;
- 70°00'00"N, 020°00'00"W;
- 63°30'00"N, 039°00'00"W;
- 58°30'00"N, 043°00'00"W;
- 58°30'00"N, 030°00'00"W;
- 61°00'00"N, 030°00'00"W;
- 61°00'00"N, 000°00'00"E/W; and
- Thence north to 73°00'00"N, 000°00'00"E/W.

Norway

- From the North Pole south to 66°33'44"N, 000°00'00"E/W;
- East along the Arctic Circle to the point at which the Arctic Circle intersects the land border between Sweden and Norway;
- North along the land border between Sweden and Norway to the tripoint at which the land borders of Sweden, Norway and Finland meet;
- East along the land border between Finland and Norway to the tripoint at which the land borders of Finland, Norway and the Russian Federation meet;
- North along the land border to the Barents Sea;
- 69°47'41.42"N, 030°49'03.55"E;
- 69°58'45.49"N, 031°06'15.58"E;
- 70°05'58.84"N, 031°26'41.28"E;
- 70°07'15.20"N, 031°30'19.43"E;
- 70°11'51.68"N, 031°46'33.57"E;

- 70°16'28.95"N, 032°04'23.00"E;
- 72°27'51.00"N, 035°00'00.00"E; and
- Thence north to the North Pole.

Russian Federation

- From the North Pole south to 72°27'51.00"N, 035°00'00.00"E;
- 70°16'28.95"N, 032°04'23.00"E;
- 70°11'51.68"N, 031°46'33.57"E;
- 70°07'15.20"N, 031°30'19.43"E;
- 70°05'58.84"N, 031°26'41.28"E;
- 69°58'45.49"N, 031°06'15.58"E;
- 69°47'41.42"N, 030°49'03.55"E south to the point at which that meridian meets the land border between the Russian Federation and Norway;
- South along the land border between the Russian Federation and Norway to the tripoint at which the land borders of the Russian Federation, Finland and Norway meet;
- South along the land border between the Russian Federation and Finland to the point at which that border intersects the Arctic Circle;
- East along the Arctic Circle until the Arctic Circle intersects the 180°00'00" E/W meridian;
- 50°05'00"N, 159°00'00"E;
- 54°00'00"N, 169°00'00"E;
- 54°49'00"N, 170°12'00"E;
- 60°00'00"N, 180°00'00"E/W;
- 64°03'00"N, 172°12'00"W;
- 65°00'00"N, 168°58'24"W; and
- Thence north to the North Pole.

Sweden

From the tripoint at which the land borders of Sweden, Norway and Finland meet;

- South along the land border between Sweden and Norway to the point at which that border intersects the Arctic Circle;
- East along the Arctic Circle to the point at which the Arctic Circle intersects the land border between Sweden and Finland; and
- Thence North along the land border between Sweden and Finland to the tripoint at which the land borders of Sweden, Norway and Finland meet.

United States of America

- From the North Pole south to 65°00'00"N, 168°58'24"W;
- 64°03'00"N, 172°12'00"W;
- 60°00'00"N, 180°00'00"E/W;
- 54°49'00"N, 170°12'00"E;
- 54°00'00"N, 169°00'00"E;
- 50°05'00"N, 159°00'00"E;
- 50°05'00"N, 143°40'00"W;
- 54°40'00"N, 140°00'00"W;
- 54°40'00"N, 136°00'00"W;
- 54°00'00"N, 136°00'00"W;
- 54°13'00"N, 134°57'00"W;
- 54°39'27"N, 132°41'00"W;
- 54°42'30"N, 130°36'30"W;
- North along the land border to the Beaufort Sea; and
- Thence north to the North Pole.

APPENDIX I
COMPETENT AUTHORITIES

The Competent Authorities of the Parties are:

Canada – Minister of National Defence;

Denmark – Danish Maritime Authority;

Finland –Ministry of the Interior; Finnish Transport Safety Agency;

Iceland –Ministry of the Interior;

Norway –Ministry of Justice and the Police;

Russian Federation – Ministry of Transport of the Russian Federation; Ministry of the Russian Federation for Civil Defense, Emergency and Elimination of Consequences of Natural Disasters;

Sweden – Swedish Maritime Administration; and

United States of America – United States Coast Guard.

APPENDIX II
SEARCH AND RESCUE AGENCIES

The search and rescue agencies of the Parties are:

Canada – Canadian Forces; Canadian Coast Guard;

Denmark – Danish Maritime Authority, Danish Transport Authority, Ministry of Fisheries – Faroe Islands;

Finland – Finnish Border Guard;

Iceland – Icelandic Coast Guard;

Norway – Joint Rescue Coordination Centre, Northern Norway (JRCC NN Bodø);

Russian Federation – Federal Air Transport Agency; Federal Agency for Marine and River Transport;

Sweden – Swedish Maritime Administration; and

United States of America – United States Coast Guard; United States Department of Defense.

APPENDIX III
RESCUE COORDINATION CENTERS

The rescue coordination centers of the Parties are:

Canada – Joint Rescue Coordination Centre, Trenton;

Denmark – Maritime Rescue Coordination Center Grønneidal (MRCC Grønneidal); Rescue Coordination Center Søndrestrøm/Kangerlussuaq (RCC Søndrestrøm); Maritime Rescue and Coordination Center Torshavn (MRCC Torshavn);

Finland – Maritime Rescue Coordination Centre Turku (MRCC Turku); Aeronautical Rescue Coordination Centre Finland (ARCC Finland);

Iceland – Joint Rescue Coordination Center Iceland (JRCC Iceland);

Norway – Joint Rescue Coordination Centre, Northern Norway (JRCC NN Bodø);

Russian Federation – State Maritime Rescue Coordination Center (SMRCC); Main Aviation Coordination Center for Search and Rescue (MACC);

Sweden – Joint Rescue Coordination Center Gothenburg (JRCC Gothenburg); and

United States of America – Joint Rescue Coordination Center Juneau (JRCC Juneau); Aviation Rescue Coordination Center Elmendorf (ARCC Elmendorf).